

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - Reikningsskil 30. júní 2012.

### Afkoma fyrstu 6 mánaða 2012

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). Helstu niðurstöður úr 6 mánaða uppgjöri sjóðsins í m.kr. eru:

<b>Rekstur tímabils m.kr.</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>
Hreinar vaxtatekjur .....	508	630
Aðrar rekstrartekjur (gjöld) .....	(4)	(49)
Almennur rekstrarkostnaður .....	74	63
Hagnaður ársins .....	430	519
 <b>Efnahagur í lok tímabils m.kr.</b>	 <b>30.jún.12</b>	 <b>31.des.11</b>
Útlán .....	62.392	61.086
Heildar eignir .....	71.310	72.362
Verðbréfaútgáfa .....	44.746	43.164
Aðrar langtímalántökur .....	10.794	12.943
Skammtímalántökur .....	531	1.070
Heildar skuldir .....	56.226	57.233
Eigið fé .....	15.084	15.129
CAD hlutfall (Basel II)	59%	78%

### Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 430 milljónum króna miðað við 519 milljónir króna á sama tímabili árið 2011 og var í samræmi við væntingar sjóðsins. Lækkun hagnaðar milli ára skýrist af lægri vöxtum framan af árinu samanborið við sama tímabil 2011.

Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útborguð langtímalán á tímabilinu námu 3.765 m.kr. samanborið við 3.495 m.kr. á sama tímabili í fyrra.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 59% og hækkar úr 58% frá áramótum.

### Framtíðarhorfur

Lánasjóðurinn mun starfa í meginatriðum líkt og undanfarin ár þar sem stefnt hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.